

Reglur um verkefnaskil

1. Öll verkefni nemenda, hvort sem þau eru munnleg eða skrifleg, sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í námsáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.
2. Nemendur skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og virða þá.
3. Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna fjarvista, hafi þær verið tilkynntar áður en skilafrestur rann út.
4. Kennurum er heimilt að lækka einkunnir verkefna sem hér segir:
 - 1 dagur 0,5
 - 2 dagar 1,0
 - 3 dagar 1,5
 - 4 dagar 2,0
 - Ef nemandi skilar 5 dögum eftir skiladag eða síðar verður ekki farið yfir verkefni en nemandi fær einkunnina 1,0 fyrir skil. **ATH! Ekki er þó hægt að skila eftir að kennari hefur farið yfir og skilað af sér einkunnum. Kennari getur þó gert undantekningar á þessu við sérstakar aðstæður. Brýnt er að nemandi hafi samband við kennara sem fyrst ef fyrirséð er að hann geti ekki skilað á tilsettum tíma.**
5. **Viðurlög við samvinnu á prófum eða í einstaklingsverkefnum:** Nemendur sem verða uppvísir að því að vinna einstaklingsverkefni / rafræn próf saman, fá lánuð verkefni samnemenda sinna eða lána eigin verkefni mega eiga von á því að það komi niður á einkunn með einhverjum hætti og málinu verði vísað til prófstjóra, sbr. 12. grein prófareglna.
6. Nemendur sem geta ekki hugsað sér að flytja munnleg verkefni fyrir hópinn fá skerta einkunn sem hér segir:
 - Flutningur í litlum hópi (3-4 áheyrendur): 90% af þeirri einkunn sem þeir hefðu annars fengið.
 - Flutningur aðeins fyrir kennara: 80% af þeirri einkunn sem þeir hefðu annars fengið.

- - Ath. að ef um er að ræða kynningu þar sem nemendur eru með jafningjafræðslu geta nemendur ekki kynnt aðeins fyrir kennara. Í slíkum verkefnum verða nemendur að kynna fyrir hópinn eða alls ekki. Kynni nemendur ekki geta þeir engu að síður skilað glærum og öðru efni sem kennari hefur óskað eftir og fengið einkunn fyrir þann þátt.

Kennarar íslenskudeildar VMA